

Minnisblað

Dagsetning:	19. febrúar 2021
Verkkaupi:	Samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
Efni:	Landbúnaðarmál
Skjalið sömdu:	Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Núverandi staða

Í gildi er *Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 299 dags. 3. mars 2009*. Þar er kveðið á um að búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur- Húnavatnssýslu fari með yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefnd eða fjallskilastjórnir, kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélaga, annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

Upprekstarfélögin eru sjö:

1. Fjallskiladeild Skagamanna.
2. Upprekstrarfélag Skagastrandar.
3. Fjallskiladeild Vindhælinga.
4. Fjallskiladeild Blönduósbæjar.
5. Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps og Upprekstrarfélag Eyvindarstaðaheiðar.
6. Fjallskiladeild Auðkúluheiðar.
7. Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða.

Á svæðinu eru 13 réttir. Sjö skilaréttir og 6 undirréttir. Skrapatungurétt er rekin í samstarfi Blönduósbæ og Skagabyggðar og skiptist kostnaður í 45/55 hlutföllum

	Blönduósbær	Húnavatnshreppur	Skagabyggð	Skagaströnd
Skilaréttir	Skrapatungurétt	Auðkúluvétt	Skrapatungurétt	Spákonufellsrétt
Skilaréttir		Hlíðarrétt	Fossárrétt	
Skilaréttir		Undirfellsrétt		
Skilaréttir		Stafnsrétt		
Aukaréttir	Kirkjuskarðsrétt	Rugludalsrétt	Kjalarlandsrétt	
Aukaréttir	Hvammsrétt í Langadal	Sveinsstaðarétt		
Aukaréttir		Beinakeldurétt		

Helstu skyldur sveitafélaganna samkvæmt Fjallskilasamþykktinni.

- Setja Fjallskilasamþykkt fyrir starfssvæðið.
- Kjósa fulltrúa í búfjáreftirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnavatnssýslu og upprekstrarfélögin.
- Ákveða umboð fjallskilastjórnanna.



- Hlutast til um samstarf milli upprekstrarfélaga og aðstoða við úrlausn ágreinings.
- Taka við kvörtunum vegna ágangs afréttarfénaðar.
- Taka ákvarðanir ef víkja þarf frá reglum í Fjallskilasamþykkt.
- Hreppsnefnd ber skylda til að sjá um byggingu rétta og sjá um viðhald þeirra.
- Framfylgja ákvæðum fjallskilasamþykktarinnar.

Húnavatnshreppur

Í málefnskrá fyrir atkvæðagreiðslu um sameiningum Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps frá nóvember 2004 er fjallað um Fjallskilamál og málefni afrétta á bls. 8. Þar segir að fyrir 1. janúar 2006 verði stofnaðar þrjár sjálfseignarstofnanir um eignarhald, nýtingu og veiðihlunnindi á afréttarlöndum sveitarfélaganna. Mannvirki sveitarfélaganna á afréttarlöndunum verði eign sveitarfélagsins, en umsjón og rekstur þeirra verði í höndum fjallskilastjórna. Arður af veiðihlunnindum sjálfseignarstofnananna renni til niðurgreiðslu á fjallskilakostnaði. Fjallskilastjórn sér um rekstur fjallskilasjóðs og gerir fjárhagsáætlun sem lögð sé fyrir sveitarstjórn ár hvert. Viðhald afréttargirðinga, leitarmannaskála og rekstur skilarétta verði kostað af sveitarsjóði. Einnig viðhald heiðarvega sem hafa verið á ábyrgð sveitarfélaganna. Auðkúluheiði ehf. og Eyvindarstaðaheiði ehf. starfi samkvæmt samþykktum sínum.

Í málefnskrá fyrir sameiningu Áshrepps og Húnavatnshrepps 11. mars 2006 eru samskonar lýst samskonar áformum. Auðkúluheiði ehf. hefur síðar hætt starfsemi og er rekstur skálanna á hendi Húnavatnshrepps, utan skála á Eyvindarstaðaheiði.

Sjálfseignarstofnaninar eru:

- Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði
 - Eyvindarstaðaheiði er sameiginleg með Skagfirðingum.
 - Innan Húnavatnshrepps eru 5/17 hlutar.
- Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði
- Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði

Tilgangur sjálfseignarstofnanna er að tryggja að fasteignir þeirra nýtist með sama hætti og hafði verið, og íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka viðkomandi sveitarfélags eins og þau voru við sameiningu þeirra í Húnavatnshrepp um áramótin 2005.

Við stofnun lögðu viðkomandi sveitarfélög fram eignarhluti sína í tilteknum fasteignum með öllum gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja.

Verði sjálfseignarstofnun lögð niður, skulu eignir hennar afhentar sveitarfélaginu til varðveislu og ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar.

Ekki er að sjá að í skipulagsskrám að sveitarfélagið beri skyldur gagnvart sjálfseignarstofnunum. Sjálfseignarstofnanirnar fá allar tekjur af landgæðum og eru þær nýttar til að greiða niður fjallskil. Lækkar álagningu á bændurna.

Sjálfseignarstofnanirnar fara með réttindi sem Landsvirkjun vill semja um varðandi aukningu við Blönduvirkjun.

Gangnamannaskálar eru:

- Þrjú á Eyvindarstaðaheiði. Hesthús við hvern skála.
- Áfangaskáli á Auðkúluheiði, auk hesthúsa.



- Gangnamenn gista einnig á Hveravöllum en Húnavatnshreppur á hlut í Hveravallafélaginu sem á og rekur gistaðstöðu þar. Hesthús í eigu Húnavatnshrepps á Auðkúluheiði eru 5. Þar af tvö á Hveravöllum, eitt við Kúlukvísl eitt við Áfangaskála og eitt á milli Friðmundarvatna.
- Tveir á Grímstungu og Haukagilsheiði innan Húnavatnshrepps. Einn Borgarbyggðarmegin. Hesthús við hvern skála.
 - Ákveðið hefur verið að reisa nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði á árinu 2021 sem ætlað er að komi í stað þriggja núverandi skála sem nýttir eru fyrir Grímstungu og Haukagilsheiðar

Sumir skálanna eru leigðir út og skapa tekjur. Sveitarfélagið nýtur þeirra tekna. Stofnaður hefur verið sérstakur B- sjóður um uppbyggingu og rekstur allra gangnamannaskála og hesthúsa á afréttum í Húnavatnshreppi.

Skagabyggð

Tvær fjallskiladeildir í Skagabyggð, en ein nefnd. Fimm manna.

- Skagamannadeild.
 - Fær veiðitekjur úr Langavatni. Sveitarfélagið á landið.
- Vindhælingadeild smalar aðeins heimalönd.

Sveitarfélagið sér um viðhald á girðingum við réttirnar og nátthagahólf. Engir gangnamannaskálar eru í Skagabyggð. Við hvora rétt eru réttarskúrar. Heldur stærri við Skrapatungurétt. Upphitaður. Fjallskiladeildirnar standa straum á kostnaði af flutningi og framkvæmd. Framkvæmdir framundan til að brúa Fossána.

Skagaströnd

Samningur er við Skagabyggð um að smala Skagastrandarlandið fyrir búfjáreigendur. Skagaströnd greiðir fyrir dagsverkin.

Blönduósbær

Landbúnaðarnefnd, iðulega skipuð þremur bændum, er sveitarstjórn til ráðgjafar um refa- og minkaeyðingu, fjallskil, fjárgirðingar og dýraeftirlit.

Fjallskilasjóður innheimtir daggjöldin ef bændur sinna ekki dagsverkum sínum.

Fjallskilasjóðurinn fær tekjur af veiðirétti í Laxá í Refasveit vegna þeirra jarða sem Blönduósbær á. Sveitarfélagið sér um viðhald á girðingum og réttamannvirkjum

Fjárhagur

Heildarkostnaður sveitarfélaganna fjögurra af málaflokki **13 Atvinnumálum** árið 2019 var um 59 m.kr. og hafði þá hækkað um rúm 24% frá árinu á undan eða um tæplega 11,5 m.kr. Útgjöld til málaflokksins eru um 3% af heildarútgjöldum sveitarfélaganna og tekjur innan við 1% af rekstrarartekjum. Landbúnaðarmál eru stærsti þáttur þeirra útgjalda. Kostnaður sveitarfélaganna af landbúnaði er óverulegur þegar litið er til heildarinnar, þrátt fyrir mikilvægi atvinnugreinarinnar fyrir svæðið.

Umfang girðinga á afréttum er ákveðin áskorun og viðhaldspörf misjöfn eftir árum. Sama má segja um viðhald gangnamannaskála. Húnavatnshreppur er landstærsta sveitarfélagið, með

umfangsmikil heiðarlönd. Þar umfang girðinga um tífalt meira en í Skagabyggð og Blönduósbae.

Sveitarfélag	2018	2019	Útkomuspá 2020
Blönduósbaer	19.607.015	20.477.392	17.269.163
Landbúnaður	2.422.329	2.988.662	763.040
Annað	17.184.686	17.488.730	16.506.123
Húnavatnshreppur	13.353.886	22.122.167	15.862.644
Landbúnaður	8.044.482	11.259.468	13.797.396
Annað	5.309.404	10.862.699	2.065.248
Sveitarfélagið Skagaströnd	10.965.920	10.712.982	12.920.147
Landbúnaður	2.569.737	1.483.874	4.699.446
Annað	8.396.183	9.229.108	8.220.701
Skagabyggð	3.410.000	5.490.000	
Atvinnumál alls	47.336.821	58.802.541	46.051.954

Framtíðarsýn

Í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 er kveðið á um að ef sveitarfélög eru sameinuð þá skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan, nema um annað sé samið. Samstarfsnefnd kynnti sér fyrirkomulag landbúnaðarmála og fjallskila í landmiklum sameinuðum sveitarfélögum, svo sem Skagafirði, Borgarfirði og Húnaþingi vestra, þar sem fjallskilamál hafa haldist óbreytt.

Að mati samstarfsnefndar er æskilegt að fjallskili byggi áfram á því skipulagi sem byggst hefur upp í sveitarfélögunum. Á þann hátt nýtist þekking og reynsla heimamanna við fjallskil og leitir sem best. Lagt er til að sett verði á fót sérstök landbúnaðarnefnd sem fari með hlutverk fjallskilanefndar, en fyrirkomulag fjallskila verði óbreytt. Landbúnaðarnefnd verði falið að gera tillögur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og úthluta fjármagni til fjallskiladeilda í samræmi við umsóknir.

Skynsamlegt gæti verið að fela landbúnaðarnefnd að fjalla líka um önnur verkefni sem varða dreifbýli sérstaklega.

Hugmyndir að verkefnum landbúnaðarnefndar

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í málefnum er varða gróðurvernd, fjallskil, búfjárgirðingar, jarðir í eigu sveitarfélagsins og refa og minkaeyðingu.
- Að gera tillögur um uppbyggingu, viðhald og endurbætur heiðagirðinga, gangnamannaskála, og réttarmannvirkja.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um forgangsroðun viðhalds og framkvæmda við héraðs- og tengivegi sem verði komið á framfæri við samgönguyfirvöld
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag vetrarþjónustu á héraðs- og tengivegum sem verði komið á framfæri við samgönguyfirvöld



Húnavetningur

Sameiningarviðræður í A-Hún

- Að hafa eftirlit með aðilum sem vinna að landbúnaðarmálum á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með því að þeir vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og reglur og veiti góða þjónustu.
- Að gera tillögur inn í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem varða málaflokkinn